

Sp.

1032. Nefndarálit

um till. til þál. um breytta tilhögun á útgáfu Alþingistiðindanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hafði mál þetta til meðferðar á nokkrum fundum og ræddi það all-
ýtarlega. Er hún sammála um, að bæta beri úr ýmsum ágöllum í sambandi við
þingskriftir og útgáfu Alþingistiðindanna. Telur nefndin, að nauðsynlegt sé að
hefjast handa um það nú þegar, að ræður þm. verði skráðar niður með meiri
nákvæmni en verið hefur, enda verði þeim gefinn kostur á að leiðrétta þær jafn-
óðum, m. a. með því að fá afhent samrit af ræðunum stuttu eftir að þær hafa
verið fluttar. Nefndinni er ljóst, að þessum árangri megi ná bæði með því að nota
hljóðnema og eins með því að nota fullæfða hraðritara, enda verði ekki hjá því
komizt, hvor aðferðin sem notuð yrði, að afrita ræðurnar og laga þær undir
prentun.

Þá er nefndin einnig sammála um, að stefna beri að því að breyta útgáfu
Alþt. í það horf, að þau komi út jafnóðum og helst vikulega. Á þann hátt gæfist
almenningi kostur á því að fylgjast vel með öllu því, sem gerist á Alþingi, og
mætti þá einnig reikna með töluverðum tekjum af sölu Alþt. Hins vegar verður
þessum umbótum ekki komið á, nema fyrst séu bætt að verulegu leyti vinnu-
skilyrði þingskrifara og annarra, sem að útgáfunni vinna, og þeir allir ráðnir
sem fastir starfsmenn Alþingis. En með því að nefndin er einnig sammála um,
að mál þetta heyri ekki undir ríkisstjórnina, heldur forráðamenn Alþingis, leggur
hún til, að það verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að forráðamenn Alþingis geri allar nauðsynlegar ráðstafanir
til þess, að ræður þingmanna verði framvegis skráðar svo nákvæmlega sem auðið
er og síðan afritaðar tafarlaust, svo að þingmönnum gefist kostur á að leiðrétta
þær jafnóðum, enda verði jafnframt undirbúin sú breyting á útgáfu Alþt., að ræð-
urnar verði prentaðar og gefnar út í heftum eigi síðar en hálfum mánuði eftir, að
þær hafa verið fluttar á Alþingi, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 5. febr. 1945.

Gísli Jónsson,
form., frsm.

Steingr. Aðalsteinsson.

Sigurjón Á. Ólafsson.

Páll Zóphóníasson.

Sigurður Þórðarson.
Ingólfur Jónsson.

Har. Jónasson.